


# BYGGÐAFESTA OG BÚFERLAFLUTNINGAR

STÆRRI BÆIR Á ÍSLANDI HAUSTIÐ 2020



Þorkell Stefánsson, Byggðastofnun

Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, Byggðastofnun

Sigríður Elín Þórðardóttir, Byggðastofnun

Þóroddur Bjarnason, Háskólanum á Akureyri

**Byggðastofnun**

Sauðárkrókur 2021

ISBN 978-9935-518-04-0

## Helstu niðurstöður

Töluverður hreyfanleiki einkennir stærri byggðakjarna á Íslandi og langflestir íbúanna hafa búið annarsstaðar en í núverandi byggðakjarna. Rúmlega helmingur þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins hefur búið þar á einhverjum tímamarki, og eins hefur rúmlega helmingur íbúa á höfuðborgarsvæðinu búið annarsstaðar áður.

Ríflega helmingur þátttakenda í könnuninni sýnir takmarkaðan áhuga á því að flytja fyrir fullt og allt úr núverandi byggðakjarna, þó einhverjir telji líklegt að flytja tímabundið úr sínu bæjarfélagi.

Meirihluti þátttakenda sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu hefur búið þar í að lágmarki 20 ár og eru íbúar á og við höfuðborgarsvæðið ólíklegri til að flytjast búferlum en þeir sem búa á þéttbýlisstöðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda er ánægður með núverandi búsetu sína. Einungis tæplega 5% eru óánægðir með búsetu sína.

Það virðist hafa mikil áhrif á búsetuáform einstaklinga hvort að vinir og fjölskylda búi í nálægð við þá. Þeir sem eiga fjölskyldu í sama bæjarfélagi eða í sama landshluta eru ólíklegri til að flytja í framtíðinni. Einnig er tiltölulega algengt að íbúar stærri byggðakjarna eigi vini sem búsettir eru í sama bæjarfélagi. Íbúar bæjarfélaga í nálægð við höfuðborgarsvæðið eru líklegri til að eiga vini í öðrum bæjarfélögum en þeir sem búa í bæjum lengra frá höfuðborgarsvæðinu.

Það er ekki munur eftir kyni svarenda á líkum á því að þeir hyggist flytja úr bæjarfélaginu fyrir fullt og allt. Jafnframt telja svarendur karla hafa sterkari stöðu en konur, bæði á vinnumarkaði sem og í daglegu lífi.

Hreyfanleiki minnkar með aldri en þeir svarendur sem komnir eru á eftirlaun eru ólíklegastir til að flytja. Í samræmi við það eru yngstu svarendurnir 25 ára og yngri, líklegastir til að flytja.

Atvinnutækifæri vega þungt þegar kemur að viðhorfi einstaklinga til búferlaflutninga og draga aukin atvinnutækifæri úr hættu á brottflutningi íbúa og þar af leiðandi fólksfækkun. Þá skiptir aðgengi að menntun, menningu, afþreyingu, þjónustu og nálægð við fjölskyldu og vini einnig máli.

Hreyfanleiki eykst með hærri menntunarstigi sem bendir til þess að aukinni menntun fylgi aukinn sveigjanleiki í búsetu en námsmenn eru líklegastir til að flytja úr sínum byggðakjarna á næstu árum. Tæplega helmingur svarenda segir tækifæri til menntunar þeirra eða maka skipta miklu máli þegar kemur að því að huga að flutningum. Þá er hlutfall háskólamenntaðra almennt hærri á höfuðborgarsvæðinu en utan þess.

Yfirgnæfandi meirihluti svarenda er giftur eða í sambúð, eða tæplega 80% og er fjárhagsstaða flestra svarenda frekar eða mjög góð, óháð búsetu. Með versnandi fjárhagsstöðu aukast líkur á flutningum fyrir fullt og allt úr byggðakjarnanum.

Svarendur eru almennt mjög jákvæðir gagnvart aðflutningi Íslendinga til byggðalagsins, hvort sem það er aðkomufólk eða brottfluttir íbúar. Ívið færri eru jákvæðir gagnvart fólki af erlendum uppruna og fæstir eru því hlyntir að hvetja eigi fólk til kaupa á orlofshúsum í landshlutanum.

Náttúran og umhverfið eru búsetuþættir sem skiptir flesta máli hvað varðar búferlaáform. Náttúran, hreint loft, kyrrð og ró hafa aukið vægi hjá svarendum sem eru í mikilli fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Ríflega helmingur þeirra sem fluttu frá höfuðborgarsvæðinu til bæjarfélaga þar í kring nefndu kyrrð og ró sem þátt í ákvörðun sinni að flytja.

Húsið sem svarendur búa í skiptir miklu máli fyrir flesta sem og samfélagið á staðnum. Sá hópur sem hefur staðartengsl er ólíklegri til að flytja á brott úr byggðakjarnanum.

Mat svarenda á líklegri þróun lífskjara í byggðakjarnanum á næstu árum hefur sterkari tengsl við búsetuáform en mat þeirra á þróun síðustu ára. Framtíðarsýn svarenda er samofin búferlahugleiðingum og þeir sem eru sáttir við búsetu sína í dag og telja lífskjör sín verða betri í náinni framtíð ætla ekki að flytja á næstu árum.

## Efnisyfirlit

1	Almennt um könnunina.....	1
2	Aðferðafræði.....	1
3	Þátttakendur í könnuninni.....	2
3.1	Kyn, aldur og búseta.....	2
3.2	Heimilishagir, atvinna og menntun .....	3
3.3	Rætur og tengsl .....	6
4	Ánægja og viðhorf til bæjarins.....	13
5	Viðhorf til búferlaflutninga .....	20
5.1	Fyrri flutningar.....	20
5.2	Vilji til búsetu annars staðar.....	22
5.3	Líkur á búferlaflutningum .....	25
5.3.1	Greint eftir kyni og aldri.....	25
5.3.2	Greint eftir bæjarfélagi .....	26
5.3.3	Greint eftir ánægju og framtíðarsýn.....	27
5.3.4	Greint eftir menntun, atvinnu og fjárhag .....	27
5.3.5	Greint eftir rótum og tengslum .....	28
5.4	Fyrirhugaðir flutningar.....	30
5.5	Áframhaldandi búseta.....	32
6	Umræður .....	33
6.1	Byggðapróun .....	33
6.2	Búsetuánægja.....	34
6.3	Staðartengsl.....	35
6.4	Kyn.....	36
6.5	Aldur .....	36
6.6	Atvinna, þjónusta og afþreying .....	37
6.7	Menntun.....	38
6.8	Heimilishagir og húsnæði .....	39
6.9	Fjölskylda og vinir .....	40
6.10	Stóra myndin.....	40
	Heimildir.....	41

## Töflufirlit

Tafla 1. Aldur.....	2
Tafla 2. Búseta.....	2

## Myndayfirlit

Mynd 1. Búsetulengd eftir bæjarfélagi.....	3
Mynd 2. Heimilisfólk.....	3
Mynd 3. Hjúskaparstaða eftir bæjarfélagi.....	4
Mynd 4. Staða á vinnumarkaði.....	4
Mynd 5. Staða á vinnumarkaði eftir bæjarfélagi.....	5
Mynd 6. Fjárhagsleg staða heimilisins.....	5
Mynd 7. Fjárhagsleg staða heimilisins eftir bæjarfélagi.....	6
Mynd 8. Menntun eftir bæjarfélagi.....	6
Mynd 9. Uppeldi í sama bæjarfélagi.....	7
Mynd 10. Uppeldi á höfuðborgarsvæðinu.....	8
Mynd 11. Uppeldi annars staðar í sama landshluta.....	8
Mynd 12. Uppeldi í öðrum landshluta (utan höfuðborgarsvæðis).....	9
Mynd 13. Uppeldissvæði íbúa höfuðb.svæðis annars staðar á landinu.....	9
Mynd 14. Uppeldi erlendis.....	10
Mynd 15. Uppeldisstaður - yfirlit.....	11
Mynd 16. Uppeldisstaður maka - yfirlit.....	11
Mynd 17. Búseta nánustu fjölskyldu - yfirlit.....	12
Mynd 18. Búseta bestu vina - yfirlit.....	13
Mynd 19. Ánægja með búsetu eftir bæjarfélagi.....	14
Mynd 20. Breyting á lífsskilyrðum í bæjarfélaginu á síðustu árum.....	14
Mynd 21. Breyting á lífsskilyrðum í bæjarfélaginu á næstu árum.....	15
Mynd 22. Mikilvægi búsetupátta.....	15

Mynd 23. Mikilvægi náttúru og umhverfis.....	16
Mynd 24. Mikilvægi íbúðarhússins.....	16
Mynd 25. Mikilvægi staðarins sem slíks.....	16
Mynd 26. Mikilvægi samfélagsins á staðnum.....	16
Mynd 27. Fullyrðingar um bæjarfélagið.....	17
Mynd 28. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn.....	17
Mynd 29. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn eftir bæjarfélagi.....	18
Mynd 30. Staða kynja í bæjarfélaginu.....	18
Mynd 31. Staða kynja í atvinnulífinu eftir bæjarfélagi.....	19
Mynd 32. Hverja ætti að hvetja til að setjast að í bænum?.....	19
Mynd 33. Búsetulengd annars staðar á Íslandi (utan höfuðborgarsvæðis).....	20
Mynd 34. Ástæður fyrir flutningum til höfuðborgarsvæðisins.....	20
Mynd 35. Búsetulengd á höfuðborgarsvæðinu.....	21
Mynd 36. Ástæður fyrir flutningum frá höfuðborgarsvæðinu.....	21
Mynd 37. Búsetulengd á erlendis.....	21
Mynd 38. Ástæður fyrir flutningum frá útlöndum.....	22
Mynd 39. Kjörbúseta ef fasteignaverð væri alls staðar það sama.....	22
Mynd 40. Vilji til búsetu í öðrum stærri bæjum og erlendis.....	23
Mynd 41. Vilji til búsetu í stærri bæjum á suðvesturhorni eftir bæjarfélagi.....	23
Mynd 42. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum eftir bæjarfélagi.....	24
Mynd 43. Vilji til búsetu erlendis eftir bæjarfélagi.....	24
Mynd 44. Líkur á að flytja á brott í framtíðinni.....	25
Mynd 45. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum.....	25
Mynd 46. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir kyni.....	25
Mynd 47. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir aldri.....	25
Mynd 48. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir bæjarfélagi.....	26
Mynd 49. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir ánægju með búsetu.....	27
Mynd 50. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort lífsskilyrði séu talin batna eða versna á næstu árum.....	27
Mynd 51. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir menntun.....	27

Mynd 52. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir stöðu á vinnumarkaði. ....	28
Mynd 53. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir fjárhagsstöðu. ....	28
Mynd 54. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetulengd. ....	28
Mynd 55. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir meginuppeldisstað. ....	29
Mynd 56. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir meginuppeldisstað. ....	29
Mynd 57. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu nánustu fjölskyldu. ....	29
Mynd 58. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu nánustu fjölskyldu. ....	29
Mynd 59. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðs bestu vina. ....	30
Mynd 60. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu bestu vina. .	30
Mynd 61. Líklegasti áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á næstu 2-3 árum. ....	31
Mynd 62. Ástæður fyrir flutningum frá höfuðborgarsvæði á næstu 2-3 árum. ....	31
Mynd 63. Ástæður fyrir flutningum frá bæjum utan höfuðborgarsvæðis á næstu 2-3 árum. ....	32
Mynd 64. Ástæður fyrir áframhaldandi búsetu í bæjum utan höfuðborgarsvæðis. ....	32

## 1 Almennt um könnunina

Könnun þessi meðal íbúa í stærri bæjum í landsbyggðunum og höfuðborgarsvæðinu er þriðji hluti rannsóknarinnar Byggðafesta og búferlaflutningar.

Markmið þessarar könnunar er að varpa ljósi á ýmsa þætti sem tengjast byggðafestu og búferlaflutningum í stærri bæjum og á höfuðborgarsvæðinu. Sérstaklega var lögð áhersla á að kanna búsetusögu, byggðafestu og búsetufyrirætlanir íbúa og áhrif atvinnu, menntunar, þjónustu og félagsleg tengsl á búsetufyrirætlanir kvenna og karla.

Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri stýrir rannsókninni en rannsóknarteymið skipa jafnframt Guðmundur Guðmundsson sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Ólöf Garðarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands, Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Unnur Dís Skaptadóttir prófessor við Háskóla Íslands og Vífill Karlsson dósent við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Auk rannsóknarteymisins tók Gréta Bergrún doktorsnemi við Háskólanna á Akureyri þátt í gerð spurningalistans, Þorkell Stefánsson og Alfa Dröfn Jóhannsdóttir sérfræðingar hjá Byggðastofnun sáu um tölfræðilega úrvinnslu og ritun skýrslunnar.

## 2 Aðferðafræði

Könnunin var send með tölvupósti á alla í þjóðgátt Maskínu sem náði til íbúa í stærri þéttbýlisstöðum í landsbyggðunum og á höfuðborgarsvæðinu. Áminning var send fimm sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Auka úrtak var tekið úr Þjóðskrá í póstnúmerum 300, 310, 400, 550 og 640 sem hringt var í og þeim einstaklingum boðið að taka þátt í könnuninni. Þau sem svöruðu játandi fengu könnunina senda í tölvupósti og var áminning send fimm sinnum á aðila sem ekki höfðu svarað. Auka úrtök voru einnig tekin úr öllum póstnúmerum landshlutamiðstöðva og suðvestursvæðisins og sms með hlekk á könnunina send á einstaklinga í þeim úrtökum. Ein sms áminning var send á póstnúmer 300, 310, 400, 550, 640, 700, 800, 810, 815 og 900. Haft var samband með símtali við þá einstaklinga í sms úrtökunum sem ekki höfðu svarað og þeim boðið að fá könnunina senda í tölvupósti, þar til búið var að safna upp í svarkvóta fyrir hvert svæði.

Alls svöruðu 9.664 manns könnuninni en íbúar á höfuðborgarsvæðinu og stærri bæjum voru 314.669 í ársbyrjun 2020 (þar af 243.524 á aldrinum 18 ára og eldri). Úrtakið samsvarar því 4% af íbúum höfuðborgarsvæðisins og stærri bæja 18 ára og eldri.

Spurningakönnunin var framkvæmd á tímabilinu 28. október til 15. desember 2020. Tölfræðileg úrvinnsla var gerð í SPSS (Statistical Package for Social Science).



### 3 Þátttakendur í könnuninni

#### 3.1 Kyn, aldur og búseta

Alls tóku 9.664 íbúar stærri bæja á Íslandi þátt í könnuninni. Karlar voru 4.357 eða 45% og konur 5.305 eða 55%. Um 9% svarenda voru 30 ára og yngri, 15% 31-40 ára, 21% 41-50 ára, 23% 51-60 ára, 22% 61-70 ára og 10% eldri en 70 ára (tafla 1).

Tafla 1. Aldur.

Aldur	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda
18-25 ára	303	3,1%
26-30 ára	558	5,8%
31-40 ára	1.460	15,1%
41-50 ára	1.987	20,6%
51-60 ára	2.262	23,4%
61-70 ára	2.121	21,9%
71 árs eða eldri	973	10,1%
Alls	9.664	100,0%


Tafla 2 sýnir dreifingu svarenda um land allt. Líkt og almennt búa flestir þeirra á höfuðborgarsvæðinu, um 23% í Reykjavík og 14% í hinum bæjunum á höfuðborgarsvæðinu, Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Mosfellsbæ. Um 11% búa á Suðurnesjum, þar af flestir í Reykjanesbæ. Önnur 11% búa á Vesturlandi í Borgarnesi eða á Akranesi. Um 11% búa á Akureyri og á Ísafirði, Sauðárkróki, Húsavík og Egilsstöðum eru álíka margir svarendur eða 4%. Loks búa um 19% á Suðurlandi, flestir á Selfossi en íbúar í Hveragerði, Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum tóku einnig þátt í könnuninni.

Tafla 2. Búseta.

Svæði	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda
Reykjavík vestan Elliðaár	1.185	12,3%
Reykjavík austan Elliðaár	1.019	10,5%
Önnur sveitarfél. á höfuðborgarsvæði	1.390	14,4%
Vogar	56	0,6%
Reykjanesbær	690	7,1%
Grindavík	136	1,4%
Garður	67	0,7%
Sandgerði	63	0,7%
Akranes	768	7,9%
Borgarnes	259	2,7%
Ísafjörður	381	3,9%
Sauðárkrókur	399	4,1%
Akureyri	1.073	11,1%
Húsavík	366	3,8%
Egilsstaðir	409	4,2%
Hveragerði	188	1,9%
Selfoss	690	7,1%
Þorlákshöfn	121	1,3%
Vestmannaeyjar	404	4,2%
Alls	9.664	100,0%

Nokkuð misjafnt er eftir bæjarfélagi hversu lengi svarendur hafa búið í bænum þar sem þeir búa nú. Yfir 80% svarenda á höfuðborgarsvæðinu hafa búið þar í meira en 20 ár, en þó verður að taka fram að þeir voru ekki spurðir um hve lengi þeir hefðu búið í tilteknu bæjarfélagi. Svarendur í Vestmannaeyjum, á Húsavík og á Ísafirði hafa alla jafna búið þar lengi, en yfir 70% svarenda hafa verið þar í meira en 20 ár (mynd 1). Í Hveragerði,

Garði, Selfossi og Sandgerði hefur yfir fjórðungur svarenda búið fremur stutt í bænum, í fimm ár eða minna.




Mynd 1. Búsetulengd eftir bæjarfélagi.

### 3.2 Heimilishagir, atvinna og menntun

Flestir, eða 74%, búa með maka og á heimilum 35% svarenda eru börn yngri en 18 ára allt árið um kring (mynd 2). Hjá 20% eru fullorðin börn (yfir 18 ára) á heimilinu og 13% búa einir. Hjá 5% eru börn undir 18 ára aldri


stundum á heimilinu og 2% búa með foreldrum sínum eða tengdaforeldrum. Hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika.



Mynd 2. Heimilisfólk.


Flestir, eða 87% svarenda, búa í eigin húsnæði eða húsnæði maka, 9% búa í leiguhúsnæði, 3% í foreldrahúsum og 1% í húsnæði með annars konar eignarhald.

Um 79% svarenda í könnuninni eru giftir eða í sambúð, 18% eru einhleypir og 3% ekkjur/ekklar. Hlutfall þeirra sem eru giftir eða í sambúð er hæst á Sauðárkróki, í Grindavík og í Þorlákshöfn, eða yfir 85%, en lægst í vestanverðri Reykjavík 67% (mynd 3).



Mynd 3. Hjúskaparstaða eftir bæjarfélagi.


Flestir svarendur, eða 62%, eru í vinnu hjá öðrum. Þá eru 16% á eftirlaunum, 13% eru í eigin atvinnurekstri, 6% eru í námi, 2% heimavinnandi og 9% eru utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum en nefndar voru (mynd 4). Hægt var að merkja við fleiri en einn svarmöguleika.



Mynd 4. Staða á vinnumarkaði.


Til að einfalda samanburð milli bæjarfélaga var atvinnuflokkum fækkað og aðeins einn svarmöguleiki gerður gildur<sup>1</sup>, en þá kemur fram nokkur munur milli bæjarfélaga hvað varðar stöðu á vinnumarkaði. Í Vogum eru 80% svarenda í vinnu en þar er jafnframt lægst hlutfall eftirlaunaþega (mynd 5). Á Húsavík, Egilsstöðum, Ísafirði, Sauðárkróki og í Vestmannaeyjum eru einnig yfir 75% svarenda í vinnu. Á Selfossi, í Grindavík og í Hveragerði er hlutfall þeirra sem er í vinnu hins vegar undir 70%. Hæst hlutfall eftirlaunaþega í úrtakinu er í Borgarnesi, á Selfossi, í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur og í Garði – yfir 18% svarenda. Hlutfall þeirra sem eru utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum en vegna aldurs eða náms er hæst í Reykjanesbæ og Grindavík, um 16%.

<sup>1</sup> Svarendur í eigin atvinnurekstri eða í vinnu hjá öðrum flokkast þá sem „í vinnu“, þeir sem eru í námi en ekki í vinnu sem „í námi“ (þeir sem eru í námi með vinnu teljast þá í vinnu), eftirlaunaþegar áfram sem slíkir og þeir sem merkja ekki við neitt framangreint sem „annað“.




Mynd 5. Staða á vinnumarkaði eftir bæjarfélagi.

Flestir svarendur í stærri bæjum segja fjárhagsstöðu sína góða en 65% þeirra telja að fjárhagsleg staða heimilisins sé frekar eða mjög góð (mynd 6). Um 28 % segja fjárhagsstöðu sína hvorki góða né slæma og 6% frekar eða mjög slæma.




Mynd 6. Fjárhagsleg staða heimilisins.

Sé horft á fjárhagsstöðu heimilis svarenda eftir því í hvaða bæ þeir búa sést að meðaltal liggur á milli 3,7 til 3,9 (mynd 7). Þetta gefur aftur vísbendingu um að fjárhagsstaða heimila flestra svarenda sé frekar eða mjög góð óháð búsetu. Hins vegar má sjá að meðaltal fyrir svarendur í Garði sker sig nokkuð úr, en þar er meðaltalið lægst eða 3,5.



Mynd 7. Fjárhagsleg staða heimilisins eftir bæjarfélagi.

Hlutfall háskólamenntaðra er almennt hærra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, en yfir helmingur svarenda á búsetusvæðunum þremur á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið háskólaprófi. Reykjavík vestan Elliðaár sker sig þó úr sem búsetusvæði háskólamenntaðra, en um 70% svarenda sem búa þar hafa háskólapróf (mynd 8). Utan höfuðborgarsvæðisins er hlutfall háskólamenntaðra í hópi svarenda hæst á Akureyri, á Ísafirði og í Hveragerði. Um eða yfir 40% svarenda í Garði, Vogum, Borgarnesi og Þorlákshöfn hafa iðnskólapróf eða starfsréttindi á framhaldsskólastigi. Þá er hlutfall svarenda sem mest hefur lokið grunnskólaprófi hæst í bæjum á Suðurnesjum.




Mynd 8. Menntun eftir bæjarfélagi.

### 3.3 Rætur og tengsl

Um 17% þeirra sem tóku þátt í könnuninni hafa aldrei búið annars staðar en í bænum þar sem þau búa, en 83% hafa búið annars staðar. Af þeim sem búa á höfuðborgarsvæðinu hafa 53% einhvern tímann búið annars staðar á Íslandi og á hinn bóginn hafa 56% þeirra sem búa í bæjum utan höfuðborgarsvæðisins einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu. Rúmur þriðjungur svarenda eða 34% hefur einhvern tímann búið erlendis.


Báðir foreldrar um 94% svarenda eru eða voru íslenskir, 4% eiga eða áttu eitt íslenskt og eitt erlent foreldri og 2% eiga eða áttu foreldra sem báðir eru eða voru af erlendum uppruna. Lítil munur er milli bæjarfélaga hvað þetta varðar.

Misjafnt er milli bæja að hve miklu leyti svarendur ólust þar upp til sextán ára aldurs. Vestmannaeyjar skera sig nokkuð úr hvað þetta varðar, en 69% svarenda þar ólust að miklu eða öllu leyti upp í Eyjum (mynd 9). Meirihluti svarenda Húsavíkur, eða 56%, ólst einnig að miklu eða öllu leyti upp þar. Stór hluti svarenda á Akranesi, Ísafirði, Akureyri og í Reykjanesbæ er jafnframt uppalinn þar. Lægst hlutfall uppalinna svarenda er í Vogum, en þar eru að vísu tiltölulega fáir svarendur. Stærstur hluti svarenda í Garði, Hveragerði, Sandgerði og á Selfossi ólst að engu leyti upp í þeim bæjum. Íbúar á höfuðborgarsvæðinu voru ekki spurðir hvort þeir hafi alist upp í sama bæjarfélagi og þeir búa.




Mynd 9. Uppeldi í sama bæjarfélagi.

Vel yfir helmingur svarenda alls staðar á höfuðborgarsvæðinu ólst að miklu eða öllu leyti þar upp til sextán ára aldurs (mynd 10). Nokkuð hátt hlutfall, eða um þriðjungur svarenda í Vogum og í Hveragerði ólst upp á höfuðborgarsvæðinu en í öðrum bæjum er þetta hlutfall talsvert lægra. Bæjarfélögin á Norðurlandi, á Húsavík, Akureyri og Sauðárkróki eru með lægst hlutfall svarenda sem eru uppaldir á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 10. Uppeldi á höfuðborgarsvæðinu.

Á Egilsstöðum eru margir svarenda sem ólust upp annars staðar á Austurlandi til sextán ára aldurs, en um 37% svarenda á Egilsstöðum ólust að miklu eða öllu leyti upp annars staðar í landshlutanum (mynd 11). Einnig er nokkuð algengt að Selfyssingar, Borgnesingar og Akureyringar hafi alist upp annars staðar í sama landshluta. Sjaldgæfast er að Eyjamenn og íbúar bæja á Suðurnesjum, fyrir utan Suðurnesjabæ, hafi alist upp annars staðar í sama landshluta.



Mynd 11. Uppeldi annars staðar í sama landshluta.


Höfuðborgarsvæðið sker sig úr varðandi hlutfall svarenda sem ólust upp í öðrum landshlutum. Um 39% svarenda sem búa í Reykjavík austan Elliðaár ólust að miklu eða öllu leyti upp utan höfuðborgarsvæðisins, 34% þeirra svarenda sem búa nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur ólust upp utan höfuðborgarsvæðisins og um 32% svarenda Reykjavíkur vestan Elliðaár (mynd 12). Í Garði og í Grindavík er jafnframt nokkuð algengt að svarendur hafi alist upp annars staðar en á Suðurnesjum. Í Vestmannaeyjum og á Ísafirði er hins vegar lægst hlutfall svarenda sem ólust upp utan landshlutanna sem bæirnir tilheyra.



Mynd 12. Uppeldi í öðrum landshluta (utan höfuðborgarsvæðis).

Svarendur á höfuðborgarsvæðinu sem ólust að hluta eða öllu leyti upp annars staðar á Íslandi voru spurðir í hvaða landshluta þeir ólust upp. Flestir eða 35% ólust upp á Norðurlandi, 22% á Suðurlandi, 19% á Vesturlandi, 14% á Vestfjörðum, 12% á Austurlandi og fæstir eða 6% ólust upp á Suðurnesjum (mynd 13). Jafnframt var spurt í hvers kyns byggðalagi höfuðborgarbúar sem ólust upp annars staðar á Íslandi hefðu búið fram til


sextán ára aldurs. Um 32% sögðust hafa alist upp í stórum bæ, 46% í litlum bæ eða þorpi og 30% ólust upp í sveit.



Mynd 13. Uppeldissvæði íbúa höfuðb.svæðis annars staðar á landinu.

Þó hlutfall svarenda sem ólst að einhverju leyti upp erlendis sé nokkuð lágt í öllum bæjunum er það hæst í Reykjavík vestan Elliðaár 14% og í Vogum 12%, en þar er jafnframt hæsta hlutfall þeirra sem ólst að öllu leyti upp erlendis eða 4% (mynd 14). Lægst hlutfall svarenda sem ólst að einhverju leyti upp erlendis er í Sandgerði, Þorlákshöfn, Grindavík og Borgarnesi.






Mynd 14. Uppeldi erlendis.


Nokkuð skýrt yfirlit yfir dreifingu svara um uppeldisstað fæst með því að skoða meðaltal svarmöguleika. Á mynd 15 sést að algengast er að svarendur á höfuðborgarsvæðinu alist þar upp og vel sést að hve miklu leyti Vestmannaeyingar og Húsvíkingar eru uppaldir á þeim stöðum. Í Hveragerði og í Vogum ólust margir svarenda upp á höfuðborgarsvæðinu, á Egilsstöðum ólust margir upp annars staðar á Austurlandi og í Garði er

algengara en á öðrum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins að svarendur hafi alist upp í öðrum landshluta.

Svipað kemur fram um uppeldisstað maka svarenda þar sem það á við en algengast er að makar þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu séu uppaldir þar, á meðan algengast er að makar svarenda í Vestmannaeyjum, á Húsavík, Akranesi, í Reykjanesbæ, á Ísafirði og Akureyri hafi alist upp í bæjunum sjálfum (mynd 16). Makar þeirra sem búa í Vogum ólust flestir upp á höfuðborgarsvæðinu en á Egilsstöðum og á Selfossi er algengast að makar svarenda hafi alist upp í sama landshluta og bæirnir eru í.




Mynd 15. Uppeldisstaður - yfirlit.




Mynd 16. Uppeldisstaður maka - yfirlit.

Mjög algengt er að nánasta fjölskylda þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu sé einnig búsett þar (mynd 17). Jafnframt er algengt að svarendur í Vestmannaeyjum, á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Húsavík eigi nánustu fjölskyldu í sama bæ. Fjölskyldur svarenda á öðrum stöðum eru dreifðari, sérstaklega þeirra sem búa í Sandgerði og Garði.

Bestu vinir svarenda dreifast á svipaðan hátt um landið, en algengast er að bestu vinir þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu séu flestir einnig búsettir þar (mynd 18). Almennt virðist gilda að þar sem langt er milli stórra byggðakjarna eigi svarendur marga vini í sama bæ. Þar sem meiri nálægð er við höfuðborgarsvæðið eða styttra er milli bæja er aftur á móti algengara að svarendur eigi bestu vini annars staðar en í heimabæjum sínum. Á Akranesi og í Reykjanesbæ og Grindavík virðist þó meira um það en í öðrum bæjum nálægt höfuðborgarsvæðinu að bestu vinir svarenda búi í sama bæ.




Mynd 17. Búseta nánustu fjölskyldu - yfirlit.



Mynd 18. Búseta bestu vina - yfirlit.

## 4 Ánægja og viðhorf til bæjarins

Yfir heildina litið eru um 89% þátttakenda í könnuninni frekar eða mjög ánægð með búsetuna í sínu bæjarfélagi en 4% eru frekar eða mjög óánægð. Hlutfall þeirra sem eru frekar eða mjög ánægðir er þó alls staðar yfir 80%. Á mynd 19 er búsetuánægju raðað eftir meðaltali en þar eru efst Þorlákshöfn, Grindavík, Hveragerði og Akranes þar sem yfir 57% svarenda segjast mjög ánægðir með búsetu sína. Í Reykjavík austan Elliðaár, í Vogum og Borgarnesi er hlutfall þeirra sem segjast mjög ánægðir með búsetu sína talsvert lægra, eða undir 40%.




Mynd 19. Ánægja með búsetu eftir bæjarfélagi.

Jafnframt var spurt hvort svarendur teldu lífsskilyrði almennt hafa batnað eða versnað í bæjarfélaginu á síðustu árum og líka hvort þeir teldu að lífsskilyrðin muni batna eða versna á næstu árum.

Á heildina lítið eru mun fleiri sem telja lífsskilyrðin hafa batnað en versnað á síðustu árum. Um 55% allra segja þau hafa batnað nokkuð eða mikið en 15% að þau hafi versnað nokkuð eða mikið. Talsverður munur er þó á svörum eftir bæjarfélögum hvað þetta varðar. Í Þorlákshöfn og í Grindavík


er hæsta hlutfall þeirra sem segja að lífsskilyrði hafi batnað, eða yfir 80% svarenda (mynd 20). Í Vogum er lægst hlutfall svarenda sem telur lífsskilyrði hafa batnað, eða 36%, en yfir helmingur svarenda þar segir þau hvorki hafa batnað né versnað. Í Reykjanesbæ og í Reykjavík austan Elliðaár er þó hæst hlutfall fólks sem segir að lífsskilyrði hafi versnað á síðustu árum.



Mynd 20. Breyting á lífsskilyrðum í bæjarfélaginu á síðustu árum.


Þegar kemur að framtíðarhorfum, hvort lífsskilyrði muni batna eða versna í bæjarfélaginu á næstu árum sker Þorlákshöfn sig nokkuð úr. Þar segja 32%

svarenda að lífsskilyrðin muni batna mikið og 59% að þau muni batna nokkuð, alls um 90% (mynd 21). Svarendur margra annarra staða eru einnig nokkuð bjartsýnir hvað þetta varðar, svo sem svarendur frá Grindavík, Hveragerði, Sandgerði, Selfossi og Sauðárkróki. Höfuðborgarbúar virðast líklegri en íbúar annarra bæja til að sjá fyrir sér að lífsskilyrði versni á næstu árum en í kringum fjórðungur svarenda á höfuðborgarsvæðinu telur að lífsskilyrðin muni versna nokkuð eða mikið.



Mynd 21. Breyting á lífsskilyrðum í bæjarfélaginu á næstu árum.


Svarendur voru spurðir hversu miklu máli nokkrir búsetuþættir skiptu þá persónulega í sínu bæjarfélagi. Af þáttunum sem spurt var um skiptir náttúran og umhverfið flesta máli, en 50% segja þau skipta miklu máli og 27% talsverðu máli (mynd 22). Húsið sem svarendur búa í og staðurinn sem slíkur skipta einnig máli fyrir flesta. Samfélagið á staðnum skiptir miklu máli fyrir þriðjung svarenda og talsverðu máli fyrir tæpan þriðjung.




Mynd 22. Mikilvægi búsetuþátta.

Nokkur munur er milli bæja hvað varðar mikilvægi náttúrunnar og umhverfisins fyrir svarendur persónulega. Þessi þáttur hefur hátt mikilvægi víða, meðal annars á Ísafirði, Egilsstöðum, í Vestmannaeyjum, á Húsavík og í Hveragerði en síst í þremur bæjum á Suðurnesjum, Sandgerði, Vogum og Reykjanesbæ (mynd 23).


Lítill munur er milli bæja hvað varðar mikilvægi hússins sem svarendur búa í, en hæsta meðaltalið er í Garði og í Reykjavík vestan Elliðaár. Lægst meðaltal í þeim lið er á Akureyri (mynd 24).




Mynd 23. Mikilvægi náttúru og umhverfis.



Mynd 24. Mikilvægi íbúðarhússins.



Mynd 25. Mikilvægi staðarins sem slíks.



Mynd 26. Mikilvægi samfélagsins á staðnum.

Nokkur munur er milli bæja þegar kemur að mikilvægi staðarins sem slíks fyrir svarendur persónulega. Vestmannaeyingar, Ísafirðingar og Húsvíkingar eru þeir sem finnst staðurinn sem slíkur skipta sig mestu máli (mynd 25). Einn bær, Vogar, sker sig úr hvað þetta varðar en þar eru nokkuð lægra hlutfall svarenda sem segja staðinn sem slíkan skipta sig talsverðu eða miklu máli.


Svipað er uppi á teningnum varðandi mikilvægi samfélagsins á staðnum fyrir svarendur persónulega. Þeir sem búa í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn og á Ísafirði telja þetta atriði að jafnaði skipta sig mestu máli (mynd 26). Aftur eru það Vogar sem skera sig úr, en þar eru færri en í öðrum bæjum sem segja að samfélag staðarins skipti sig talverðu eða miklu máli.

Svarendur í bæjum á suðvestursvæðinu voru spurðir hversu sammála þeir væru fjórum fullyrðingum um bæinn sinn: Að hann væri úthverfi Reykjavíkur, væri á höfuðborgarsvæðinu, væri á landsbyggðinni og væri sjálfstætt samfélag. Svarendur allra bæja á suðvestursvæðinu voru frekar ósammála því að þeir væru úthverfi Reykjavíkur og að þeir væru á höfuðborgarsvæðinu. Þeir svarendur sem búa í Þorlákshöfn eru síst ósammála því að bærinn sé úthverfi Reykjavíkur og svarendur í Vogum eru síst ósammála því að bærinn sé á höfuðborgarsvæðinu, en Borgnesingar eru mest ósammála hvoru tveggja (mynd 27).

Borgnesingar eru hins vegar mest sammála því að bærinn sé á landsbyggðinni, en 95% þeirra eru frekar eða mjög sammála þeirri

fullyrðingu. Yfir 80% svarenda á Selfossi, í Þorlákshöfn og Hveragerði eru einnig sammála því að staðirnir séu á landsbyggðinni. Þó fleiri séu sammála en ósammála því að Reykjanesbær og Vogar séu á landsbyggðinni eru svarendur í þessum bæjum síður sammála því en í öðrum bæjum á suðvestursvæðinu.


Um 95% svarenda í Grindavík eru sammála því að bærinn þeirra sé sjálfstætt samfélag. Yfir 90% svarenda í Þorlákshöfn, Hveragerði, á Akranesi, Selfossi og í Borgarness eru það einnig.



Mynd 27. Fullyrðingar um bæjarfélagið.

Spurt var hvort íbúar stærri bæja myndu fyrir óþægindum eða kvíða þegar þeir ferðuðust um þjóðveginn til og frá sínum heimabæ, annars vegar að


sumarlagi og hins vegar að vetrarlagi. Flestir eða 78% finna fyrir engum eða frekar litlum óþægindum að sumarlagi en á veturna finna 50% fyrir engum eða litlum óþægindum (mynd 28). Að vetri til finna 35% svarenda fyrir frekar eða mjög miklum óþægindum eða kvíða þegar þeir keyra til og frá bæjarfélaginu.



Mynd 28. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn.


Þó svarendur allra bæjarfélaga finni að jafnaði fyrir meiri óþægindum á veturna en á sumrin er talsverður munur á því milli bæja hversu miklum óþægindum þeir finna fyrir þegar þeir keyra til og frá heimabæ sínum að vetrarlagi. Þeir sem búa á Akranesi finna að meðaltali fyrir mestum óþægindum að vetrarlagi en þeir sem búa í Vogum finna fyrir minnstum (mynd 29). Að sumarlagi eru það svarendur á Akranesi og í Borgarnesi sem finna fyrir mestum óþægindum eða kvíða á þjóðveginum sem gæti að einhverju leyti orsakast af akstursleiðinni og tíðni ferða til og frá höfuðborgarsvæðinu.






Mynd 29. Óþægindi eða kvíði við ferðir um þjóðveginn eftir bæjarfélagi.

Svarendur voru einnig spurðir hvort þeim þætti að karlar eða konur hefðu almennt sterkari stöðu í bæjarfélaginu þegar kemur að daglegu lífi, atvinnulífi, fjölskyldum og félagsstarfi. Yfir helmingur svarenda telur kynin standa jafnt í öllum þáttum, en svarendum þykir þó halla á konur í atvinnulífinu þar sem um 46% segja karla hafa sterkari stöðu en konur (mynd 30). Fleiri telja að karlar hafi sterkari stöðu en konur í daglegu lífi en kynin standa jafnt í félagsstarfi og innan fjölskyldna samkvæmt svarendum í könnuninni.




Mynd 30. Staða kynja í bæjarfélaginu.

Lítill munur er eftir búsetu á viðhorfi svarenda til stöðu kynjanna á öllum þáttum nema hvað varðar atvinnulífið. Hæst hlutfall þeirra sem segja að karlar hafi sterkari stöðu en konur í atvinnulífinu er á höfuðborgarsvæðinu eða 55% og hærra – hæst í Reykjavík vestan Elliðaár 62% (mynd 31). Í Hveragerði, Sandgerði, Garði og Vogum er staða kynjanna í atvinnulífinu jöfnust samkvæmt svarendum.



Mynd 31. Staða kynja í atvinnulífinu eftir bæjarfélagi.

Þá voru íbúar Akureyrar, Egilsstaða, Húsavíkur, Ísafjarðar, Sauðárkróks og Vestmannaeyja, spurðir hvort hvetja ætti fólk til þess að setjast að í bæjunum, og þá hvaða fólk. Flestir eru frekar jákvæðir heldur en neikvæðir gagnvart því að laða að íslenskt aðkomufólk, brottflutta íbúa og fólk af erlendum uppruna en talsvert fleiri eru andvígir því að hvetja eigi fleiri til að kaupa sér orlofshús á stöðunum (mynd 32). Lítil munur er milli bæjarfélaga hvað þetta varðar að öðru leyti en því að Ísfirðingar eru andvígastir því að laða að orlofshúsakaupendur.




Mynd 32. Hverja ætti að hvetja til að setjast að í bænum?

## 5 Viðhorf til búferlaflutninga


### 5.1 Fyrri flutningar

Þeir svarendur á höfuðborgarsvæðinu sem hafa einhvern tímann búið annars staðar á Íslandi voru spurðir hversu lengi þeir bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins og hvers vegna þeir ákváðu að flytja þangað. Stór hluti svarenda á höfuðborgarsvæðinu bjó lengi annars staðar á landinu, en 62% bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins í meira en tíu ár (mynd 33).




Mynd 33. Búsetulengd annars staðar á Íslandi (utan höfuðborgarsvæðis).

Þeir sem fluttu hafa á höfuðborgarsvæðið utan af landi nefna atvinnutækifæri helst sem ástæðu fyrir flutningunum en 52% töldu þau skipta miklu máli í ákvörðuninni um að flytja til höfuðborgarsvæðisins (mynd 34). Þar næst koma menntunartækifæri svarenda eða maka þeirra sem 47% nefna og síðan nálægð við vini eða fjölskyldu sem tæpur þriðjungur segir hafa skipt máli.




Mynd 34. Ástæður fyrir flutningum til höfuðborgarsvæðisins.

Þeir sem fluttu í hina áttina, þ.e.a.s. þeir sem búa nú utan höfuðborgarsvæðisins en bjuggu þar áður, voru spurðir að því sama. Svör þeirra eru nokkuð dreifðari, 35% bjuggu á höfuðborgarsvæðinu í meira en áratug, 43% voru þar í þrjú til tíu ár og 23% í tvö ár eða minna (mynd 35).




Mynd 35. Búsetulengd á höfuðborgarsvæðinu.

Yfir helmingur þeirra sem fluttu frá höfuðborgarsvæðinu í bæi utan þess nefna meiri kyrrð og ró sem þátt sem skipti miklu máli í þeirri ákvörðun að flytja frá höfuðborgarsvæðinu (mynd 36). Tæplega helmingur nefnir einnig minni umferð og ódýrara eða betra húsnæði sem mikilvægar ástæður. Margir nefna einnig betra samfélag, nálægð við vini eða fjölskyldu og atvinnutækifæri.




Mynd 36. Ástæður fyrir flutningum frá höfuðborgarsvæðinu.

Loks voru þeir sem hafa búið erlendis spurðir hversu lengi þeir þjuggu þar áður en þeir fluttu þangað sem þeir búa nú og hverjar ástæður fyrir þeim flutningum voru. Stór hluti þeirra sem bjó erlendis eða 46% var þar í tvö ár eða minna, 29% var erlendis í þrjú til fimm ár og 25% í meira en fimm ár (mynd 37).



Mynd 37. Búsetulengd á erlendis.


Af þeim ástæðum sem spurt var um skipti nálægð við vini eða fjölskyldu mestu máli, en 56% þeirra sem hafa einhvern tímann búið erlendis sögðu það skipta miklu máli í ákvörðuninni um að flytja frá útlöndum til Íslands (mynd 38).



Mynd 38. Ástæður fyrir flutningum frá útlöndum.

## 5.2 Vilji til búsetu annars staðar


Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hvar á landinu þeir myndu búa ef fasteignaverð væri alls staðar það sama. Oftast segja svarendur að þeir myndu helst búa í núverandi hverfi eða byggðarlagi. Um 83% Akureyringa og 78% Skagamanna segjast helst vilja búa í sínu bæjarfélagi. Um 75% Selfyssinga og Húsvíkinga vilja einnig helst búa á þeim stöðum og 73% þeirra sem búa á Sauðárkróki og í Hveragerði vilja helst búa þar (mynd 39). Lægst hlutfall þeirra sem segist helst vilja búa í núverandi byggðarlagi er í Vogum þar sem 56% svarenda segjast helst vilja búa ef fasteignaverð væri alls staðar það sama. Fjórðungur svarenda í Vogum segist helst myndu búa í nágrennasveitarfélagi Reykjavíkur.



Mynd 39. Kjörbúseta ef fasteignaverð væri alls staðar það sama.


Auk þess voru tekin dæmi um aðra stærri bæi á Íslandi en heimabæi svarenda og þeir spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að búa þar, eða erlendis. Á mynd 40 eru svarkostirnir „varla“ og „alls ekki“ teknir út og aðeins sýndir svarkostir jákvæðu megin á kvarðanum. Svarendur eru jákvæðari gagnvart því að búa erlendis heldur en á öllum þeim stöðum sem nefndir voru. Þar næst kemur Akureyri en þar geta 27% líklega eða örugglega

hugsað sér að búa. Um 25% geta líklega eða örugglega hugsað sér að búa á höfuðborgarsvæðinu og 17% á Selfossi.




Mynd 40. Vilji til búsetu í öðrum stærri bæjum og erlendis.

Nokkuð sterk tenging er milli nálægðar við bæjarfélög og vilja svarenda til að búa þar. Svarendur í Vogum eru viljugastir til að búa á höfuðborgarsvæðinu, þeir sem búa í Sandgerði og Garði viljugastir til að búa í Reykjanesbæ. Íbúar höfuðborgarsvæðisins sjá heldur fyrir sér að búa á Selfossi en á Akranesi, en síst í Reykjanesbæ (mynd 41).



Mynd 41. Vilji til búsetu í stærri bæjum á suðvesturhorni eftir bæjarfélagi.


Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum stýrist minna af nálægð við viðkomandi stað því Akureyri er sú landshlutamiðstöð sem svarendur allra annarra bæja geta helst hugsað sér að búa í (mynd 42). Akureyringar og Húsvíkingar geta heldur hugsað sér að búa á Egilsstöðum en íbúar annarra bæja.



Mynd 42. Vilji til búsetu í landshlutamiðstöðvum eftir bæjarfélagi.

Þeir sem búa í Reykjavík vestan Elliðaár geta frekar hugsað sér að búa erlendis en aðrir. Margir íbúar Hveragerðis, nágrennasveitarfélaga


Reykjavíkur og Reykjavíkur austan Elliðaár geta einnig hugsað sér að búa erlendis (mynd 43). Þeir sem búa í Þorlákshöfn, Borgarnesi, Sandgerði og Grindavík hafa minnstan áhuga á að búa erlendis.



Mynd 43. Vilji til búsetu erlendis eftir bæjarfélagi.


### 5.3 Líkur á búferlaflutningum

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hversu líklegt væri að þeir myndu flytja úr sínu bæjarfélagi, annars vegar tímabundið og hins vegar fyrir fullt og allt. Á heildina litið telja um 19% svarenda frekar eða mjög líklegt að þeir muni flytja úr sínum bæ tímabundið en um 59% segja það frekar eða mjög ólíklegt (mynd 44). Færri sjá fyrir sér að flytja fyrir fullt og allt í framtíðinni eða 11% allra svarenda, en um 70% telja frekar eða mjög ólíklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni.



Mynd 44. Líkur á að flytja á brott í framtíðinni.


Til þess að greina frekar hóp þeirra sem líklegastir er til að flytja á næstunni var spurt hvort fólk ætli að flytja úr sínu bæjarfélagi á næstu tveimur til þremur árum. Um 81% allra svarenda segjast líklega ekki eða örugglega ekki ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum, en um 6% segjast líklega eða örugglega munu gera það (mynd 45).



Mynd 45. Áform um búferlaflutninga á næstu 2-3 árum.


#### 5.3.1 Greint eftir kyni og aldri

Lítil munur er eftir kynjum á líkum á því að flytja úr bæjarfélaginu fyrir fullt og allt (mynd 46).



Mynd 46. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir kyni.

Meiri munur er hins vegar eftir aldri á líkum á að flytja úr bæjarfélaginu fyrir fullt og allt. Þeir sem eru 25 ára eða yngri eru líklegri en aðrir til að flytja burt í framtíðinni á meðan elsti hópur svarenda er ólíklegastur til þess (mynd 47).




Mynd 47. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir aldri.



## 5.3.2 Greint eftir bæjarfélagi


Þó almennt sé sjaldgæft að svarendur allra bæjarfélaganna sjái fyrir sér að flytja í burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni er nokkur munur milli bæja hvað það varðar. Vogar skera sig úr að þessu leyti en þar segja 29% svarenda frekar eða mjög líklegt að þeir muni flytja í burtu í framtíðinni (mynd 48). Þar næst koma Sandgerði og Garður þar sem um 20% segja líklegt eða mjög líklegt að þau flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni. Lægst hlutfall þeirra sem segja líklegt að þeir flytji í framtíðinni er í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur, í vesturhluta Reykjavíkur, á Akureyri, í Þorlákshöfn og á Akranesi, en á þessum stöðum segjast 10% eða færri reikna með að flytja.



Mynd 48. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir bæjarfélagi.


### 5.3.3 Greint eftir ánægju og framtíðarsýn

Þeir sem eru mjög ánægðir með búsetuna í sínu bæjarfélagi eru lang ólíklegastir til að ætla að flytja burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 49). Aftur á móti eru þeir sem eru óánægðir með búsetu sína þeir líklegustu til að flytja.



Mynd 49. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir ánægju með búsetu.


Þeir sem telja að lífsskilyrði muni batna í bæjarfélaginu á næstu árum eru ólíklegir til að ætla að flytja í burtu í framtíðinni (mynd 50). Þeir sem telja að lífsskilyrði í bæjarfélaginu muni versna mikið eru hins vegar lang líklegastir til að flytja í burtu.



Mynd 50. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir því hvort lífsskilyrði séu talin batna eða versna á næstu árum.

### 5.3.4 Greint eftir menntun, atvinnu og fjárhag


Þó svipað hlutfall svarenda á öllum menntunarstigum telji líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni er hlutfallið sem telur flutninga líklega nokkru hærra meðal þeirra sem hafa stúdents- eða háskólamenntun (mynd 51).



Mynd 51. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir menntun.


Svarendur sem eru á eftirlaunum eru ólíklegastir til að flytja í framtíðinni og þeir sem eru í vinnu eru jafnframt ólíklegir til að flytja. Þeir sem eru í námi

eru hins vegar líklegastir til að flytja en um 23% þeirra segja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 52).



Mynd 52. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir stöðu á vinnumarkaði.


Líkur á því að flytja fyrir fullt og allt aukast með versnandi fjárhagsstöðu. Þeir sem segja að fjárhagsleg staða heimilis síns sé mjög slæm eru líklegastir allra til að flytja en 32% þeirra segja frekar eða mjög líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni (mynd 53).



Mynd 53. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir fjárhagsstöðu.


### 5.3.5 Greint eftir rótum og tengslum

Svarendur sem hafa lengsta búsetu eru ólíklegastir til þess að flytja í burtu en 77% þeirra sem hafa búið í sínum bæ samanlagt í meira en tuttugu ár telja frekar eða mjög ólíklegt að þeir flytji í framtíðinni (mynd 54). Hlutfall þeirra sem telja líklegt að þeir flytji fyrir fullt og allt í framtíðinni er hæst meðal þeirra sem hafa stysta samanlagða búsetu en um fjórðungur þeirra sem hefur búið í bæjarfélaginu í fimm ár eða minna telur frekar eða mjög líklegt að flytja í burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni.




Mynd 54. Líkur á að flytja fyrir fullt og allt eftir búsetulengd.

Þeir svarendur höfuðborgarsvæðisins sem ólust þar upp að miklu eða öllu leyti eru mun ólíklegri til að flytja þaðan í framtíðinni en þeir sem ólust upp annars staðar á Íslandi eða erlendis (mynd 55).




Mynd 55. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir meginuppeldisstað.

Þeir sem ólust upp í sama bæjarfélagi utan höfuðborgarsvæðisins og þeir búa í núna eru einnig mun ólíklegri til að flytja þaðan í framtíðinni en þeir sem ólust upp í öðrum landshluta, á höfuðborgarsvæðinu eða erlendis (mynd 56).




Mynd 56. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir meginuppeldisstað.

Þeir svarendur höfuðborgarsvæðisins sem segja að flestir eða allir í nánustu fjölskyldu búi einnig á höfuðborgarsvæðinu eru mun ólíklegri til að flytja í burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni en þeir sem segja að flestir í fjölskyldunni búi annars staðar á Íslandi eða erlendis (mynd 57).




Mynd 57. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu nánustu fjölskyldu.

Sama gildir um þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, en þeir svarendur sem segja að nánasta fjölskylda búi í sama bæjarfélagi eru mun ólíklegri til að flytja í burtu í framtíðinni en þeir sem segja að flestir eða allir í nánustu fjölskyldu búi annars staðar (mynd 58). Jafnframt eru þeir sem eiga nánustu fjölskyldu í sama landshluta síður líklegir til að flytja en þeir sem eiga nánustu fjölskyldu lengra í burtu.




Mynd 58. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu nánustu fjölskyldu.

Það munar einnig miklu að eiga vini í næsta nágrenni. Svarendur sem búa á höfuðborgarsvæðinu og segja að flestir eða allir bestu vinir sínir búi líka þar eru mun ólíklegri til að flytja í burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni en þeir sem segja að flestir eða allir vinir sínir búi annars staðar á Íslandi eða erlendis (mynd 59).



Mynd 59. Líkur á að íbúar höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu bestu vina.

Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og segja að flestir eða allir vinir sínir búi í sama bæjarfélagi eru einnig mun ólíklegri til að flytja í burtu fyrir fullt og allt í framtíðinni en þeir sem segja bestu vini sína búsetta lengra í burtu (mynd 60).



Mynd 60. Líkur á að íbúar utan höfuðborgarsvæðis flytji eftir staðsetningu bestu vina.


#### 5.4 Fyrirhugaðir flutningar

Þau tæplega 7% svarenda sem sögðu að þau myndu líklega eða örugglega flytja í burtu á næstu tveimur til þremur árum voru spurð hvert væri líklegast að þau myndu flytja og hverjar helstu ástæðurnar sem liggja að baki þeirri ákvörðun væru.

Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum segjast annað hvort ætla að flytja til annars landshluta eða til útlanda (mynd 61). Af höfuðborgarbúum sem ætla að flytja innanlands ætla 26% að flytja til Árborgar, Hveragerðis eða Ölfuss, 15% til Akraness eða Borgarbyggðar og 13% til Suðurnesja. Flestir, eða 45%, höfuðborgarbúar sem ætla að flytja innanlands ætla þó að flytja til annarra staða innanlands en þeirra ofantöldu.

Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum ætla flestir að flytja á höfuðborgarsvæðið, sérstaklega þeir

sem búa í Vestmannaeyjum, á Ísafirði eða á Suðurnesjum utan Reykjanesbæjar (í Garði, Grindavík, Sandgerði eða Vogum). Margir ætla einnig að flytja til útlanda, sérstaklega þeir sem búa í Reykjanesbæ eða Akranesi og Borgarnesi (mynd 61). Þeir sem eru líklegastir til að flytja innan landshluta eru íbúar Húsavíkur<sup>2</sup> og Selfoss en líklegastir til að flytja til annars landshluta utan höfuðborgarsvæðisins eru þeir sem búa á Sauðárkróki eða Egilsstöðum og ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum.




Mynd 61. Líklegasti áfangastaður þeirra sem ætla að flytja á næstu 2-3 árum.

Þeir íbúar höfuðborgarsvæðisins sem segjast ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum voru spurðir út í hversu mikil áhrif níu þættir hefðu haft á þá

<sup>2</sup> 24% Húsvíkinga sem ætla að flytja nefna Akureyri.


ákvörðun. Um 63% þeirra sem ætla að flytja frá höfuðborgarsvæðinu segja að meiri kyrrð og ró skipti miklu máli fyrir þær fyrirætlanir (mynd 62). Yfir helmingur segir jafnframt ódýrara eða betra húsnæði, minni umferð, betri möguleika til útivistar og hreinna loft vera mikilvægar ástæður fyrir því að þeir ætli að flytja á næstu tveimur til þremur árum. Aðeins 19% segja að atvinnutækifæri skipti miklu máli þegar kemur að fyrirhuguðum flutningum frá höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 62. Ástæður fyrir flutningum frá höfuðborgarsvæði á næstu 2-3 árum.

Svarendur bæja utan höfuðborgarsvæðisins sem segjast ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum voru spurðir út í hversu mikil áhrif ellefu þættir hefðu haft á þá ákvörðun. Um 44% þeirra sem ætla að flytja frá bæjum utan höfuðborgarsvæðisins segja að nálægð við vini eða fjölskyldu skipta miklu máli fyrir þær fyrirætlanir (mynd 63). Yfir 30% þeirra sem ætla að flytja á næstu tveimur til þremur árum segja jafnframt að atvinnutækifæri sín eða


maka síns, betra aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntunartækifæri sín eða maka síns séu mikilvægar ástæður fyrir því að þau hyggi á flutninga.



Mynd 63. Ástæður fyrir flutningum frá bæjum utan höfuðborgarsvæðis á næstu 2-3 árum.

## 5.5 Áframhaldandi búseta

Þeir svarendur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og hyggjast ekki flytja úr sínu bæjarfélagi á næstu tveimur til þremur árum voru spurðir út í hversu mikil áhrif níu þættir hefðu á áframhaldandi búsetu sína. Um 68% segja að gott samfélag sé þáttur sem skipti miklu máli fyrir áframhaldandi búsetu í sínu bæjarfélagi (mynd 64). Meirihluti svarenda finnst jafnframt kyrrð og ró, hreint loft, nálægð við vini eða fjölskyldu, lítil umferð og möguleikar til útivistar skipta miklu máli.



Mynd 64. Ástæður fyrir áframhaldandi búsetu í bæjum utan höfuðborgarsvæðis.

## 6 Umræður

### 6.1 Byggðapróun

Byggðapróun á Íslandi einkenndist lengi vel af búferlaflutningum úr sveit í þéttbýli og síðar frá smærri þéttbýlisstöðum til þeirra stærri. Í ársbyrjun 2020 voru íbúar á höfuðborgarsvæðinu og stærri bæja í þessari könnun alls 314.669 eða um 86% allra íbúa landsins en á höfuðborgarsvæðinu einu og sér búa um 64% landsmanna.<sup>3</sup>

Þó Reykvíkum hafi fjölgað mikið síðustu áratugi hefur hlutur borgarinnar af heildarmannfjöldanum verið nokkuð stöðugur frá 1950, eða í kringum 40%.<sup>4</sup> Undanfarn tuttugu ár hefur hins vegar hlutfall Reykvíkinga af heildarmannfjöldanum lækkað niður í 36%. Þéttbýlismenntun hefur eftir 1950 verið mestur í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur, en hlutur þeirra af heildarmannfjöldanum var um 6% árið 1950, 9% árið 1960 og 19% 1990. Enn frekari vöxtur varð á þessum svæðum eftir aldamót en hlutfall íbúa þeirra af öllum landsmönnum fór úr 22% árið 2001 í 28% árið 2020. Ástæðan fyrir þessum mikla vexti höfuðborgarsvæðisins utan Reykjavíkur var til að byrja með sú að sveitarfélögin gátu boðið upp á lægra fasteignaverð og meira rými en í höfuðborginni sjálfri.<sup>5</sup>

Axel Hall og fleiri veltu fyrir sér árið 2002 hvort sama þróun yrði í bæjum í 30-60 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, nú þegar mikið hefur verið byggt á höfuðborgarsvæðinu og ýmsar samgöngubætur hafa orðið.<sup>6</sup> Sú kenning hefur að einhverju leyti gengið eftir, því búafjöldi þessara stærri bæja innan klukkustundar akstursfæris við höfuðborgarsvæðið hækkaði frá 6% landsmanna árið 1950 upp í 11% árið 1980 en hélst síðan

í um 11% fram til u.p.b. 2005. Eftir það hefur hins vegar hækkað nokkuð hratt, eða upp í 14% árið 2020, og þróunin verið hröðust síðustu fimm árin. Frá 2001 hefur íbúum til að mynda fjölgað um 93% á Selfossi, 85% í Vogum, 80% í byggðakjarnanum Reykjanesbæ, 53% í Grindavík og Hveragerði og í kringum 40% á Akranesi, í Sandgerði, í Garði og í Þorlákshöfn. Á sama tíma hefur búafjöldi hins vegar staðið í stað eða íbúum fækkað í stærri bæjum sem eru í meiri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, með undantekningum á Akureyri (23% fjölgun) og Egilsstöðum (64% fjölgun).

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru í góðu samræmi við þetta, enda má greina skýran mun á búsetulengd í bæjum sem eru í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og í bæjarfélögum lengra frá eða á höfuðborgarsvæðinu sjálfu. Meira en þriðjungur svarenda í Hveragerði, á Selfossi, í Garði og í Sandgerði hefur búið þar í tíu ár eða minna. Í Þorlákshöfn hafa 30% svarenda búið í tíu ár eða minna og í Vogum 29%. Áhugavert verður að teljast að allir bæirnir þar sem yfir fimmtungur svarenda hefur búið í áratug eða skemur eru í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, nema Egilsstaðir. Aftur á móti hafa yfir 90% svarenda á höfuðborgarsvæðinu búið þar lengur en í áratug og yfir 80% svarenda í Vestmannaeyjum, á Húsavík, á Sauðárkróki, á Akureyri og á Ísafirði.

Þó íbúar höfuðborgarsvæðisins hafi flestir búið þar lengi eru um 53% svarenda þar aðfluttir, þ.e.a.s. hafa einhvern tímann búið annars staðar á Íslandi, en atvinnu- eða menntunartækifæri eru helstu ástæður þess að þeir fluttu á höfuðborgarsvæðið á sínum tíma. Með tilliti til áðurnefndra hugmynda um næsta stig byggðapróunar, vöxt bæjarfélaga í nálægð við

<sup>3</sup> Hagstofa Íslands, 2021b.

<sup>4</sup> Hagstofa Íslands, 2021c.

<sup>5</sup> Axel Hall o.fl., 2002.

<sup>6</sup> Axel Hall o.fl., 2002.



höfuðborgarsvæðið, er áhugavert að skoða betur svarendur í stærri bæjum sem áttu áður heima á höfuðborgarsvæðinu. Um 56% þeirra sem búa í bæjunum hafa einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu. Þrjár algengustu ástæðurnar fyrir flutningum þeirra frá höfuðborgarsvæðinu eru meiri kyrrð og ró, minni umferð, ódýrara eða betra húsnæði. Þessir þrír þættir eru einnig veigamestu ástæður þess að svarendur á höfuðborgarsvæðinu hafa ákveðið að flytja þaðan á næstu árum.

Þó stór hluti íbúa í stærri bæjum hafi einhvern tímann búið á höfuðborgarsvæðinu er ekki hægt að gera ráð fyrir miklum búferlaflutningum þangað frá höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, því íbúar höfuðborgarsvæðisins eru ólíklegri til að sjá fyrir sér að flytja í burtu en þeir sem búa í flestum stærri bæjum utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar má ef til vill reikna með talsverðum búferlaflutningum úr minni byggðakjörnum og dreifbýli í þessa stærri bæi. Samkvæmt samskonar könnunum sem gerðar voru meðal íbúa minni byggðakjarna<sup>7</sup> og dreifbýlis<sup>8</sup> sá mun herra hlutfall svarenda þar fyrir sér að flytja fyrir fullt og allt en á höfuðborgarsvæðinu og í stærri bæjum. Um 23% þeirra sem búa í minni byggðakjörnum sáu fyrir sér að flytja í framtíðinni og 20% íbúa dreifbýli á móti aðeins 11% þeirra sem svöruðu þessari könnun. Jafnframt er mjög áhugavert í þessu samhengi að skoða hvert þeir sem voru búnir að ákveða að flytja úr sveitum og minni byggðakjörnum ætluðu að flytja, því færri ætluðu að flytja á höfuðborgarsvæðið en til annarra landshluta á Íslandi.

Þegar horft er til flutninga innanlands á milli landshluta árið 2019 voru einungis tveir landshlutar með jákvæðan flutningsjöfnuð en hann var jákvæðastur á Suðurlandi og einnig jákvæður á Suðurnesjum en aðrir

landshlutar voru með neikvæðan flutningsjöfnuð vegna flutninga innanlands.<sup>9</sup> Þungamiðja íbúafjölda beggja þessara landshluta er einmitt í innan við klukkustundar aksturfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Af þeim tæplega fimm þúsund einstaklingum sem fluttu til Íslands erlendis frá árið 2019, settust rúmlega 66% að á höfuðborgarsvæðinu. Vert er þó að taka fram að sé litið til flutninga, bæði erlendis frá sem og innanlands, voru allir landshlutar með jákvæðan flutningsjöfnuð árið 2019.

## 6.2 Búsetuánægja

Langflestir þátttakendur þessarar könnunar eru frekar eða mjög ánægðir með búsetu í sínu bæjarfélagi og undir 5% segjast frekar eða mjög óánægð. Þó munur sé ekki mikill milli bæja er hlutfall svarenda sem segjast mjög ánægðir með búsetu sína er hæst í Þorlákshöfn, Hveragerði og Grindavík. Á þessum sömu stöðum er hlutfall þeirra sem segja lífsskilyrði hafa batnað á síðustu árum jafnframt hæst. Þá sker Þorlákshöfn sig töluvert úr þegar kemur að viðhorfi gagnvart lífsskilyrðum í framtíðinni en rúmlega 90% telja að þau muni batna mikið eða nokkuð á næstu árum. Flestir svarenda um land allt voru þó bjartsýnir á að lífsskilyrði muni batna að einhverju leyti á næstu árum en svarendur á höfuðborgarsvæðinu skáru sig þó nokkuð úr en um fjórðungar svarenda þar telja að lífsskilyrði muni versna nokkuð eða mikið á næstu árum.

Í íbúakönnun landshlutanna 2020 þar sem mikilvægi búsetuskilyrða var skoðuð kom bersýnilega í ljós að náttúra, friðsæld, öryggi og loftgæði vega þyngst þegar kemur að búsetuskilyrðum.<sup>10</sup> Það stemmir vel við niðurstöður þessarar rannsóknar en næst mikilvægasti þátturinn fyrir áframhaldandi búsetu í stærri bæjum er kyrrð og ró og þriðji mikilvægasti þátturinn er hreint

<sup>7</sup> Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

<sup>8</sup> Þorkell Stefánsson o.fl., 2021.

<sup>9</sup> Hagstofa Íslands, 2020.

<sup>10</sup> Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir, 2020.

loft. Fyrri rannsóknir sýndu að hreint loft og kyrrð og ró eru stærstu áhrifaþættir fyrir áframhaldandi búsetu, bæði hjá íbúum í minni bæjum og þorpum og í dreifbýli.<sup>11</sup> Náttúran og umhverfið skipta miklu eða talsverðu máli fyrir um 77% svarenda. Þó lítil munur sé á milli staða virðast náttúran og umhverfið skipta mjög miklu máli fyrir íbúa staða sem eru lengst frá höfuðborgarsvæðinu, á Ísafirði, á Egilsstöðum, í Vestmannaeyjum og á Húsavík. Fyrri rannsóknir hafa einmitt gefið til kynna að vægi náttúrunnar aukist eftir því sem fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu eykst.<sup>12</sup>

Þó umhverfisþættir séu mikilvægir búsetuþættir er gott samfélag þó sá þáttur sem skiptir mestu máli fyrir áframhaldandi búsetu svarenda í stærri bæjum. Samfélag staðarins er þáttur sem skiptir máli á öllum stöðum en þó virðast íbúar í Vogum síst telja hann skipta sig máli. Þá er áhugavert að íbúar staða langt frá höfuðborgarsvæðinu virðast stoltastir af heimabæ sínum, en Eyjamenn, Ísfirðingar og Húsvíkingar eru þeir svarendur sem helst telja staðinn sem síkan skipta sig máli.

Niðurstöður benda ennfremur til þess að íbúar stærri bæja finni almennt lítið fyrir óþægindum eða kvíða þegar þeir ferðast heim og að heiman. Þá upplifðu flestir þeirra sem fundu fyrir óöryggi það einungis yfir vetrartímann. Þeir sem fundu hvað mest fyrir óþægindum yfir sumartímann voru Skagamenn og Borgnesingar, ef til vill vegna þess að akstursleið þeirra til og frá höfuðborgarsvæðinu er að hluta til sú sama. Þeir sem finna fyrir mestum óþægindum að vetrarlagi eru Skagamenn en það getur stafað af tíðum ferðum þeirra um þessa sömu leið, vegna vinnu eða náms.

Selfyssingar finna einnig fyrir nokkrum óþægindum að vetrarlagi og getur það verið af svipuðum ástæðum.

### 6.3 Staðartengsl

Margir upplifa sterk tilfinningaleg tengsl við ákveðna staði og geta þau haft mikil áhrif á viðhorf einstaklinga til flutninga og jafnvel haft þau áhrif að einstaklingar sem hafa flutt úr heimabyggð snúi aftur.<sup>13</sup>

Um 17% þeirra sem tóku þátt í könnuninni hafa aldrei búið annars staðar en í bænum þar sem þau búa núna en 83% hafa búið annars staðar áður. Talsvert lægra hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðisins hefur búið annars staðar á landinu, eða aðeins 53%. Um 56% þeirra sem búa í bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins hafa aftur á móti búið á höfuðborgarsvæðinu á einhverjum tímamarki. Þetta gæti tengst því að þjónustustig höfuðborgarsvæðisins er hátt og eðlilegt að þangað sækji fólk til dæmis menntun, atvinnu eða flytji jafnvel tímabundið til að sækja lækniþjónustu.

Þá er áhugavert að sjá að algengast er að þátttakendur könnunarinnar sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu hafa alist þar upp sem og langflestir makar þeirra. Þá kom í ljós að í bæjarfélögunum í nálægð við höfuðborgarsvæðið var stór hluti svarenda sem ólst upp á höfuðborgarsvæðinu en þegar sneri að öðrum stærri bæjarfélögum var algengast að makar svarendanna hefðu alist upp í því bæjarfélagi sem þeir búa í núna. Þeir svarendur sem hafa búið hvað lengst í sínu bæjarfélagi, eða í meira en tuttugu ár, eru ólíklegastir til að flytja í framtíðinni. Þetta á einnig við um svarendur höfuðborgarsvæðisins sem ólust þar upp að mestu

<sup>11</sup> Þorkell Stefánsson o.fl., 2021; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019.

<sup>12</sup> Vífill Karlsson, 2019.

<sup>13</sup> Albertína F. Elíasdóttir, 2012.

leyti, en þeir eru ólíklegri til að flytja þaðan í framtíðinni, en þeir sem ólust upp annars staðar á Íslandi.

Vestmannaeyjar eru nokkuð frábrugðnar öðrum stærri bæjum hvað varðar uppeldisstað íbúa en 69% Eyjamanna í könnuninni ólust þar upp að miklu eða öllu leyti. Aðrir staðir með hátt hlutfall uppalinna íbúa eru Húsavík, Akranes, Ísafjörður og Akureyri. Þá skáru bæjarfélögin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, í Garði, Hveragerði, Sandgerði og á Selfossi, sig einnig töluvert úr en stór hluti svarenda þar ólst að engu leyti upp í þeim bæjum.

#### 6.4 Kyn

Samkvæmt eldri könnunum eru konur eru líklegri til að flytjast búferlum en karlar, eða að eiga frumkvæði að flutningum fjölskyldna og þá virðist einnig sem þéttbýli heilli konur umfram karla.<sup>14</sup> Niðurstöður þessarar könnunar benda hins vegar til þess að það sé ekki mikill munur eftir kynjum á líkum á fyrirætlanunum um að flytja úr bæjarfélaginu fyrir fullt og allt.

Kynjaskipting í þéttbýli er oft nokkuð jöfn en samkvæmt Hagstofu Íslands voru konur 49,2% íbúa í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu þann 1. janúar 2020 og 48,8% íbúa þéttbýlis á landsvísu.<sup>15</sup> Kynjaskipting þátttakenda í þessari rannsókn var ekki eins jöfn og konur talsvert fleiri en karlar. Fjöldi karla í úrtakinu var 4.357 eða 45% en konur voru 5.305 eða 55%.

Þrátt fyrir aukna atvinnuþátttöku kvenna og að þær staðalmyndir um hefðbundin hlutverk kynjanna séu á undanhaldi bendir nýleg rannsókn til þess að karlar upplifi frekar atvinnuöryggi en konur.<sup>16</sup> Tæplega helmingur

svarenda í þessari könnun telur að karlar hafi sterkari stöðu en konur á vinnumarkaði. Samkvæmt tölum Hagstofu er nokkur munur á hlutfalli starfandi milli kynja, bæði á og utan höfuðborgarsvæðisins, en árið 2020 var hlutfall starfandi karla á aldrinum 16-74 ára í kringum 76% á höfuðborgarsvæðinu og um 75% utan höfuðborgarsvæðisins. Hlutfall starfandi kvenna á sama aldri var þá um 70% á höfuðborgarsvæðinu og 67% utan þess.<sup>17</sup> Óleiðréttur launamunur kynjanna á almennum vinnumarkaði var jafnframt tæp 15% árið 2019<sup>18</sup>. Í bæjarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins virðist ekki vera jafn mikill munur á viðhorfi svarenda gagnvart stöðu kynjanna á atvinnumarkaði og á höfuðborgarsvæðinu þar sem ríflega helmingur svarenda telur að karlar hafi sterkari stöðu en konur.

Auk þess telja þátttakendur í könnuninni frekar að karlar hafi sterkari stöðu en konur í daglegu lífi í þeirra bæjarfélagi. Hins vegar benda niðurstöður þessarar könnunar til þess að kynin standi jafnt í félagsstarfi og innan veggja heimilisins.

#### 6.5 Aldur

Hreyfanleiki er meiri hjá yngra fólki og það er líklegra en þeir sem eldri eru til þess að flytja þangað sem búsetuskilyrði eru hagstæðust hverju sinni. Búferlaflutningar þessa hóps gefa góða vísbendingu um byggðapróun næstu ára vegna þess að það er líklegt til að setjast að, kaupa fasteign og stofna fjölskyldu.<sup>19</sup> Hreyfanleiki yngsta hópsins kemur skýrt fram í niðurstöðum þessarar könnunar en þeir sem eru 30 ára og yngri eru

<sup>14</sup> Dahlström, 1996; Vífill Karlsson og Kolfinna Jóhannesdóttir, 2010.

<sup>15</sup> Byggðastofnun, 2021; Hagstofa Íslands, 2021b.

<sup>16</sup> Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir, 2020.

<sup>17</sup> Hagstofa Íslands, 2021a.

<sup>18</sup> Hagstofa Íslands, 2021d.

<sup>19</sup> Axel Hall o.fl., 2002.

líklegastir til að flytja. Í könnunum meðal íbúa í minni bæjum og þorpum og í dreifbýli var sá munur enn meira afgerandi – sérstaklega hvað varðar svarendur á aldrinum 18-25 sem voru mun líklegri til að flytja en aðrir.<sup>20</sup> Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar töldu um 18% svarenda á aldrinum 18-30 ára það frekar eða mjög líklegt að þeir myndu flytja úr byggðarlaginu í framtíðinni. Í elsta hópnum voru einungis um 4% sem töldu það frekar eða mjög líklegt að þau myndu flytja á brott á næstu árum. Rannsóknir hafa sýnt að eldra fólk er ólíklegra til að flytja, bæði vegna þess að áhættufælnara og hefur af augljósum ástæðum minni tíma til að búa á nýjum stað.<sup>21</sup> Yngra fólk er líklegra til að flytja tímabundið, t.d. vegna menntunar, og gæti snúið aftur ef atvinnutækifæri eru fyrir hendi. Eldri einstaklingar sem telja líklegt að flytja úr bæjarfélaginu snúa hins vegar síður aftur, bæði vegna hækkandi aldurs sem og þar sem ástæður flutninga snúa oft að því að vera nær börnum og barnabörnum sem og að vera nær sértækri heilbrigðisþjónustu.

Þessi munur á hreyfanleika eftir aldri getur leitt til hærri meðalaldurs í byggðarlögum sem búa við neikvæðan flutningsjöfnuð. Yngra fólk er líklegra til að flytja í burtu á meðan eldra fólk verður um kyrrt. Á hinn bóginn lækkar meðalaldurinn á stöðum með jákvæðan flutningsjöfnuð þar sem allar líkur eru á því að fólk sem flytur sé úr yngri hópnum.

## 6.6 Atvinna, þjónusta og afþreying

Nú til dags gerum við kröfu um góðar samgöngur, góð fjarskipti og gott aðgengi að menntun og annarri grunnþjónustu. Mikilvægt er að til staðar sé

gott aðgengi að menntun, fjölbreytt atvinnulíf og öflug starfsemi í menningarmálum og afþreyingu ef stuðla á að sjálfbærri þróun byggða.<sup>22</sup>

Samkvæmt niðurstöðum fyrri rannsókna vega fjölbreytt atvinnutækifæri þungt þegar kemur að viðhorfi fólks til búsetuþátta. Þá skiptir einnig máli að til staðar sé góð umgjörð fyrir fjölskyldur, þ.e. að góðir skólar séu til staðar og að börnin hafi tækifæri til að alast upp í barnvænu umhverfi með greiðan aðgang að tómstundum og íþróttum.<sup>23</sup> Aukin atvinnutækifæri draga úr hættu á brottflutningi íbúa og fólksfækkun.

Niðurstöður þessarar könnunar benda til þess að atvinnumál vegi þungt hjá svarendum en er þó ekki eina breytan sem skiptir máli þegar kemur að því að velja sér búsetu, þar skipta bæði betri þjónusta og afþreying máli. Ríflega 30% svarenda sem hyggja á flutninga í náninni framtíð segja að atvinnutækifæri sín eða maka skipti verulegu máli, ásamt betra aðgengi að heilbrigðisþjónustu og menntunartækifærum. Þá er áhugavert að sjá að ríflega helmingur þeirra sem flutt hafa utan af landi til höfuðborgarsvæðisins segja að atvinnutækifæri séu helsta ástæða flutninganna og þar fast á hæla fylgja tækifæri til menntunar og nálægð við fjölskyldu og vini. Þá benda niðurstöður þessarar könnunar enn fremur til þess að menning, tómstundir og afþreying fyrir börn hafi einnig áhrif þegar kemur að því að flytjast búferlum.

Íbúakönnun Vífils Karlssonar sýnir að atvinnuöryggi meðal íbúa í öllum landshlutum hefur versnað mikið síðustu árin, og má að öllum líkindum tengja það sérstaklega við kórónuveirufaraldurinn en samanburður milli

<sup>20</sup> Þóroddur Bjarnason o.fl., 2019; Þorkell Stefánsson o.fl., 2021.

<sup>21</sup> Greenwood, 1975; Siaastad, 1962.

<sup>22</sup> Þingskjal nr. 1242/2017–2018.

<sup>23</sup> Vífill Karlsson og Grétar Þór Eypórsson, 2009.

2020 og 2016-2017 bendir til þess að fækkun ferðamanna hafi haft veruleg áhrif á búsetuskilyrði.<sup>24</sup>

Í þessari könnun er hlutfall svarenda sem eru utan vinnumarkaðar af öðrum ástæðum en vegna eftirlauna eða náms hæst í Reykjanesbæ og Grindavík. Atvinnulíf svæðisins er tiltölulega einhæft en árið 2017 starfaði 43% vinnuafslsins við verslun, hótél, veitingaþjónustu, samgöngur og fjarskipti, sem eru að miklu leyti atvinnugreinar sem tengjast ferðaþjónustu. Hin erfiða staða flugrekstrar og ferðaþjónustu bitnaði hart á atvinnulífi Suðurnesja og atvinnuleysi þar jókst mikið árið 2020. Snemma árs 2020 höfðu um ellefu hundruð einstaklingar misst atvinnu sína vegna gjaldþrotaskipta WOW air og síðar fór kórónuveiran að breiðast út um landið með tilheyrandi aðgerðum og afleiðingum fyrir ferðaþjónustu. Samkvæmt skýrslu starfshóps um áhrif Covid-19 á fjármál sveitarfélaga sem var birt á haustdögum 2020 kom í ljós að Covid-19 muni hafa töluverð áhrif á fjármál sveitarfélaga en að áhrifin verði þó mismunandi eftir landshlutum. Því var spáð að áhrif faraldursins yrðu hlutfallslega mest þar sem umfang ferðaþjónustu er mest.<sup>25</sup> Í lok árs 2020 mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum rúmlega 20%.<sup>26</sup>

## 6.7 Menntun

Jákvæð byggðapróun felur í sér aukna velmegun sem bætir líf íbúa og þýðir aukið aðgengi að grunnþjónustu og fjölbreyttari atvinnuháttum. Neikvæð þróun getur haft ýmsar orsakir, eins og til dæmis skort á tækifærum til atvinnu og menntunar. Aukin uppbygging og iðnvæðing hefur getið af sér aukna eftirspurn eftir menntun sem hefur leitt til þess að fleiri íbúar smærri

byggðalaga hafa í meira mæli flutt búsetu sína til þéttbýlli svæða vegna atvinnu í iðnaði eða þjónustu.

Niðurstöður þessarar könnunar sýna að námsmenn eru líklegastir til að ætla að flytja en fólk á eftirlaunum er ólíklegast til þess. Þá eru þeir sem lokið hafa stúdentsprófi eða háskólaprófi heldur líklegri til að ætla að flytja á næstu árum, en þeir sem lokið hafa grunnskóla eða iðnmenntun. Það getur bent til þess sem fyrri rannsóknir hafa sýnt, þ.e.a.s. að aukinni menntun fylgi aukinn sveigjanleiki í búsetu þar sem fólk sér aukna möguleika í búferlaflutningum með hærra menntunarstigi. Rannsóknir á hinum Norðurlöndunum hafa sýnt að fólk með menntun á háskólastigi eða sérhæfða iðnmenntun hefur mestan hreyfanleika. Það er tilbúið að flytja þangað sem störfín í þessum nútímalegri greinum atvinnulífsins bjóðast.<sup>27</sup> Tæplega helmingur svarenda segir að tækifæri til menntunar þeirra eða maka þeirra skipti miklu máli þegar kemur að því að huga að flutningum.

Hlutfall háskólamenntaðra er almennt hærra á höfuðborgarsvæðinu en utan þess, en rúmlega helmingur svarenda þar hafa lokið háskólaprófi. Utan höfuðborgarsvæðisins er hlutfall háskólamenntaðra svarenda hæst á Akureyri, á Ísafirði og í Hveragerði. Háskóli Akureyrar er staðsettur á Akureyri og Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði sem gæti haft áhrif á menntunarstig á svæðunum. Hlutfall svarenda sem aðeins hafa lokið grunnskólaprófi er hins vegar hæst í bæjum á Suðurnesjum.

Háskólanám leiðir oft til sérhæfingar er algengt að þeir sem flytja tímabundið á höfuðborgarsvæðið til að mennta sig verði þar áfram eftir nám, einfaldlega vegna þess að þar er mest framboð af sérhæfðri atvinnu.<sup>28</sup> Rannsóknir hafa

<sup>24</sup> Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir, 2020.

<sup>25</sup> Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, 2020.

<sup>26</sup> Vinnuálastofnun, 2021.

<sup>27</sup> Stefán Ólafsson, 1997.

<sup>28</sup> Stefán Ólafsson, 1997.

hins vegar sýnt að áhrif menntastofnana á byggðafestu eru umtalsverð, því meirihluti háskólanema sem stundar nám í sinni heimabyggð, hvort sem það er staðnám eða fjarnám, býr þar áfram eftir útskrift.<sup>29</sup> Síðustu ár hafa orðið miklar tækniframfarir og möguleikar á hverskonar fjarnámi og fjarvinnu hafa aukist. Óneitanlega getur það ýtt undir hærra menntunarstig í dreifðari byggðum landsins að íbúar þurfi síður að flytja á höfuðborgarsvæðið til að sækja menntun og atvinnu við hæfi.

## 6.8 Heimilishagir og húsnæði

Flestir svarenda búa með maka sínum og á heimilum ríflega fjórðungs eru börn með fasta búsetu en 5% svarenda eru stundum með börn á heimilinu. Þá voru tæplega 80% svarenda giftir eða í sambúð og var hlutfallið hæst á Sauðárkróki, í Grindavík og Þorlákshöfn en lægst í vestanverðri Reykjavík.

Húsnæðisverð er í flestum tilfellum mun hærra í þéttbýli en í dreifbýli.<sup>30</sup> Mikilvægt er að huga að því að hvaða leyti húsnæði hefur áhrif á staðartengsl einstaklinga, þar sem í einhverjum tilfellum hefur fólk byggt hús sín frá grunni eða að öðru leyti tengst húsnæði sínu tilfinningaböndum.

Meirihluti svarenda í öllum stöðum segist helst vilja búa í núverandi bæjarfélagi ef fasteignaverð væri allsstaðar það sama. Hins vegar var hlutfall þeirra sem helst vildi búa í núverandi bæjarfélagi lægst í Vogum þar sem fjórðungur myndi kjósa að búa nær höfuðborgarsvæðinu. Flestir þeirra sem myndu kjósa sitt bæjarfélag áfram óháð fasteignaverði voru á Akureyri, sem styður við niðurstöður skoðanakönnunar um búsetuskilyrði, hamingju

og viðhorf íbúa til sinna sveitarfélaga, en þar kom Vestmannaeyjabær best út og fylgdi Akureyri þar fast á eftir.<sup>31</sup>

Niðurstöður gefa til kynna að fjárhagsstaða heimila flestra þátttakenda sé frekar eða mjög góð, óháð búsetu. Áberandi lítil hluti telur fjárhagsstöðu sína slæma og rúmlega fjórðungur telur hana hvorki góða né slæma. Þó var fjárhagsstaða íbúa í Garði nokkuð verri en í öðrum stærri bæjum. Könnunin fór fram haustið 2020, þegar kórónuveirufaraldurinn hafði náð ákveðnu hámarki og mældist atvinnuleysi á Suðurnesjum til að mynda tæp 20% í september 2020, sem gæti útskýrt hvers vegna fjárhagsstaða svarenda í Garði kemur jafn illa út og raun ber vitni.<sup>32</sup>

Einnig var athyglisvert hve stór hluti svarenda býr í eigin húsnæði eða í húsnæði maka og voru einungis um 13% í annarskonar húsnæði. Ríflega helmingur svarenda sýnir takmarkaðan áhuga á því að flytja úr bæjarfélaginu þeir sem þau búa í dag, þó að nokkrir teldu líklegt að þeir flytji tímabundið úr sínu bæjarfélagi. Þó aukast líkur á því að flytja fyrir fullt og allt með versnandi fjárhagsstöðu, sem gæti að einhverju leyti tengst húsnæðisverði.

Flestir svarenda könnunarinnar voru jákvæðir gagnvart því að fá nýtt fólk í bæina, og þá sérstaklega íslenskt aðkomufólk og brottflutta íbúa. Ívið færri voru jákvæðir gagnvart fólk af erlendum uppruna en um 40% voru andvígir því að hvetja ætti fólk til kaupa á orlofshúsum í landshlutanum.

<sup>29</sup> Þóroddur Bjarnason o.fl., 2016.

<sup>30</sup> Vífill Karlsson, 2012, 2017; Þóroddur Bjarnason, 2019; Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir, 2017.

<sup>31</sup> Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir, 2020.

<sup>32</sup> Vinnumálastofnun, 2021.

## 6.9 Fjölskylda og vinir

Niðurstöður undirstrika að vissu leyti áhrif fjölskyldu- og vinatengsla á ákvarðanir um búsetu. Þeir svarendur sem búa á og við höfuðborgarsvæðið eru mun ólíklegri til að flytja frá bæjarfélagi sínu fyrir fullt og allt ef nánasta fjölskylda býr einnig á svæðinu. Það á einnig við um íbúa í öðrum bæjarfélögum sem tóku þátt í könnuninni, en þeir svarendur sem eiga fjölskyldu í sama bæjarfélagi eða í sama landshluta eru heilt yfir ólíklegri til að flytja í burtu í framtíðinni. Það er mjög algengt að nánasta fjölskylda þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu sé einnig búsett þar, þá var einnig mjög algengt að nánasta fjölskylda þeirra sem búa í Vestmannaeyjum, á Akureyri, í Reykjanesbæ og á Húsavík sé einnig búsett þar. Þá eru fjölskyldur svarenda sem eru búsettir í Sandgerði og Garði töluvert dreifðari og væri áhugavert að skoða tengslin milli búsetu nánustu fjölskyldu og þess hve stórt hlutfall svarenda þar telja líklegt eða mjög líklegt að flytja úr bæjarfélaginu innan nokkurra ára.

Einnig virðist skipta miklu máli að eiga vini í nágrenninu. Áhugavert var að sjá að bestu vinir svarenda sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eru flestir einnig búsettir þar og almennt virðist það eiga við um stærri byggðakjarna að þar eigi svarendur marga vini í sama bæjarfélagi. Eftir því sem nær dregur höfuðborgarsvæðinu er þó algengara að svarendur eigi bestu vini í öðrum bæjarfélögum en sínum eigin. Langflestir svarendur, óháð búsetu, telja flutninga ólíklegri búi flestir eða allir vinir þeirra nálægt eða í sama bæjarfélagi. Þá var áhugavert að sjá að nálægð við vini eða fjölskyldu hefur mikil áhrif á fyrirætlanir um að flytja á næstu árum samkvæmt tæplega helmingi svarenda sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins. Sömu ástæður vógu þungt hjá þeim svarendum sem höfðu búið erlendis og tekið ákvörðun um að flytja aftur heim til Íslands.

## 6.10 Stóra myndin

Að lokum er áhugavert að sjá hve afgerandi tengslin eru á milli þess að telja að lífskjör muni batna og þess að stefna ekki á flutning á næstu árum sem og tengsl milli þeirra sem telja að lífskjör muni versna og þess að flytja á brott. Því er framtíðarsýnin samofin búferlahugleiðingum, þeir sem eru sáttir við búsetu sína í dag og telja að lífskjör sín muni verða enn betri í náinni framtíð ætla ekki að flytja á næstu árum á meðan þeir sem upplifa að sín lífskjör muni versna eru margir að hugsa um að flytja á brott til framtíðar.

Þá virðist aðdráttarafi höfuðborgarsvæðisins ekki vera óbrigðult en einungis 25% þátttakenda sem búa annarsstaðar gátu hugsað sér búsetu þar, sem gæti þó frekar tengst vilja svarenda til að flytja frekar í bæjarfélög sem eru landfræðilega nálægt núverandi búsetu. Þó var áberandi að Akureyri er sá byggðakjarni sem íbúar allra annarra bæja geta helst hugsað sér að búa í. Þrátt fyrir að svarendur fæstra bæjarfélaganna sjái fyrir sér að flytjast búferlum fyrir fullt og allt er þó einhver munur milli staða og í þessari könnun eru það helst svarendur í fámennari bæjarfélögum, sérstaklega á Suðurnesjum, sem sjá fyrir sér að flytja. Lægst hlutfall þeirra sem sjá fyrir sér að flytja á næstu árum eru svarendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Akureyri og Selfossi.

Þá er mögulegt að stafræn þróun næstu ára og möguleikar sem fylgja fjarnámi háskólanna og störfum án staðsetningar muni að einhverju leyti breyta þessu. Þá munu einstaklingar sem hafa flutt í stærri bæjarfélög vegna atvinnu og menntunar geta valið sér búsetu í meiri mæli út frá sinni skilgreiningu á búsetusælu, hvort sem hún snýr að hreinni náttúru, styttri vegalengdum eða meiri kyrrð og ró.





- Porkell Stefánsson, Alfa Dröfn Jóhannesdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir og Þóroddur Bjarnason. (2021). Byggðafesta og búferlaflutningar: Sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020. Sótt af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir\\_og\\_strjalbyli.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir_og_strjalbyli.pdf)
- Þóroddur Bjarnason, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Sigríður Elín Þórðardóttir, Unnur Dís Skaptadóttir og Vífill Karlsson. (2019). Byggðafesta og búferlaflutningar: Bæir og þorp á Íslandi vorið 2019. Sótt af [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta\\_34bls\\_2019\\_net.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta_34bls_2019_net.pdf)
- Þóroddur Bjarnason, Ingi Rúnar Eðvarðsson, Ingólfur Arnarson, Skúli Skúlason og Kolbrún Ósk Baldursdóttir. (2016). Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla. Tímarit um uppeldi og menntun, 25(2), 265-287.
- Þóroddur Bjarnason og Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018). Vinnusókn til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum byggðarlögum á Suðvesturlandi. Tímarit um viðskipti og efnahagsmál, 15(2), 97-114.



## BYGGÐAFESTA OG BÚFERLAFLUTNINGAR

Stærri bæir á Íslandi haustið 2020